

STARFSREGLUR

um prófasta

nr. 966/2006, sbr. starfsrgl. nr. 1026/2007, nr. 1030/2007,
nr. 947/2009, nr. 948/2009, nr. 917/2010, nr. 1038/2012,
nr. 1051/2018, nr. 1157/2020, nr. 402/2021 og nr. 763/2021.

1. gr.

■ Biskupsdæmi Íslands skiptist í [[9] ³⁾ prófastsdæmi: [Suðurprófastsdæmi] ²⁾, Kjalarnessprófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, [Vesturlandsprófastsdæmi] ³⁾, Vestfjarðaprófastsdæmi, [Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi] ²⁾, [Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi] ³⁾, [Austurlandsprófastsdæmi] ³⁾, sbr. 12. gr. í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 948/2009, 1. gr.

2) Starfsrgl. 947/2009, 1. gr.

3) Starfsrgl. 917/2010, 1.-3. gr.

2. gr.

■ Biskup útnefni prófast úr hópi þjónandi presta í hverju prófastsdæmi eftir að hafa leitað umsagnar þjónandi presta og djákna svo og formanna sóknarnefnda.

□ Auk þess er biskupi heimilt að útnefna prófast til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu óháð mörkum prófastsdæma, svo sem sérþjónustu kirkjunnar.

□ Presti er skylt að takast á hendur prófastsembætti. Þegar biskup setur prófast tímabundið þarf ekki að afla umsagnar, sbr. 1. mgr.

3. gr.

■ Útnefning gildir í fimm ár. Útnefning skal enn fremur gilda sjálfkrafa áfram ef prófastur tekur við öðru prestsembætti innan sama prófastsdæmis í beinu framhaldi af starfslokum í fyrra embætti.

4. gr.

■ Útnefning prófasts fellur sjálfkrafa niður við lok prestsþjónustu hans í prófastsdæminu. Gildir það einnig þótt hlutaðeigandi sé í beinu framhaldi af starfslokum settur til að gegna áfram prestsembætti innan prófastsdæmis.

5. gr.

■ [Biskup setur annan sóknarprest í prófastsdæminu eða nágrannaprófast til að gegna prófastsembætti um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna lengri

fjarveru, leyfis eða veikinda prófasts, prófasts missir við, eða er veitt lausn um stundarsakir.

□Annars leysir prestur kosinn í héraðsnefnd prófast af í hefðbundnum fríum og til vara varamaður hans í héraðsnefnd.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 1038/2012, 1. gr.

6. gr.

■Reglur stjórnarsýslulaga um sérstakt hæfi gilda um störf prófaste. Biskup sker úr um hvort um vanhæfi er að ræða. Víki prófastur sæti í tilteknu máli vegna vanhæfis setur biskup prófast til að fara með málefni það sem um er að tefla.

7. gr.

■Prófastur hefur í umboði biskups tilsjón með kirkjulegu starfi í prófastsdæminu, embættisfærslum presta, þjónustu vígðra og starfi sóknarnefnda. Hann er tilsjónarmaður og ráðgjafi þessara aðila.

8. gr.

■Prófastur er trúnaðarmaður biskups og ráðgjafi í kirkjulegum málum. Prófastur fylgist með því að réttur kirkjunnar sé virtur í hvívetna.

□Prófastur er, sem fulltrúi biskups Íslands í prófastsdæminu, leiðtogi og verkstjóri vígðra þjóna prófastsdæmisins.

□Prófastur fylgir eftir stefnumörkun og samþykktum kirkjuþings er varðar kirkjulegt starf í prófastsdæminu.

□Prófastur er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

□Prófastur varðveitir embættisbækur og önnur gögn prófastsdæmisins tryggilega.

9. gr.

■Biskup Íslands getur falið prófasti einstök mál sem varða kirkjulegt starf. Prófastur veitir biskupi Íslands og vígslubiskupi umdæmisins eftir því sem við getur átt, þá aðstoð, sem þeir óska eftir. Prófastur aðstoðar biskup Íslands við undirbúning og framkvæmd vísitasíu hans og fylgir honum um prófastsdæmið á vísitasíuferðum.

10. gr.

■[Prófastur kemur að vali presta og veitir jafnframt liðsinni sitt við almennar prestskosningar, ef kjörstjórn fer þess á leit, sbr. 6. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 14. gr.

starfsreglna um [ráðningu í prestsstörf og starfslok] ²⁾ nr. 144/2016, með síðari breytingum.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 1051/2018, 24. gr.

2) Starfsrgl. 402/2021, 32. gr.

11. gr.

■Prófastur sér til þess, í umboði biskups Íslands, að sóknarbörn njóti þeirrar prestsþjónustu sem þeim ber. Hann skipuleggur afleysingaþjónustu vegna vikulegs frídags, skammvinnra veikinda og sumarleyfa presta í prófastsdæminu. Hann annast um viðveruskyldu og skipulag bakvakta, m.a. í ljósi viðbragðaáætlunar kirkjunnar við hóploysum. Prófastur sér til þess að vígðir þjónar kirkjunnar í prófastsdæminu njóti tilskilinna réttinda s.s. til orlofs og námsleyfa.

12. gr.

■Prófastur stýrir samstarfi presta um kirkjulega þjónustu í prófastsdæminu m.a. þjónustu á sjúkrastofnunum og dvalarheimilum aldraðra.

13. gr.

■Prófastur annast um skipting starfa milli presta þar sem fleiri en einn prestur þjónar í prestakalli og sér til þess að samið sé um það skriflega.

14. gr.

■Prófastur í samráði við biskup og héraðsnefnd, skipuleggur starf héraðsprests. Héraðsprestur starfar undir stjórn prófasts.

15. gr.

■[Prófastur setur nýja presta í embætti og afhendir þeim prestsþjónustubækur og gögn að boði biskups.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 402/2021, 33. gr.

16. gr.

■[Prófastur er formaður héraðsnefndar, sbr. 2. mgr. 7. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006. Hann tekur við erindum og fyrirspurnum til úrlausnar og annast að öðru leyti þá stjórnáslu sem honum er falin samkvæmt starfsreglunum.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 1051/2018, 25. gr.

17. gr.

■Prófastur er formaður stjórnar héraðssjóðs, sbr. [13. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006.] ¹⁾

□Prófastur hefur vörslur og annast gjafa- og líknarsjóði í prófastsdæmi ef því er að skipta og gerir árlega reikningsskil til [kjörinna endurskoðenda.] ²⁾

1) Starfsrgl. 1051/2018, 26. gr.

2) Starfsrgl. 1157/2020, 1. gr.

18. gr.

■Prófastur fer, ásamt biskupi, með yfirstjórn kirkjugarða í prófastsdæminu, sbr. lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og sinnir öðrum lögboðnum skyldum samkvæmt þeim lögum.

19. gr.

■[Prófastur annast um þær úttektir í prófastsdæminu sem hér greinir:

a) Úttekt á nýbyggðri kirkju og eignum hennar svo og þegar kirkja hefur verið endurbyggð.

b) Úttekt á kirkju þegar hún hefur verið afhent söfnuði, sbr. 3. gr. laga um umsjón og fjárhald

c) kirkna nr. 22/1907, með síðari breytingu.

d) Úttekt á prestssetri við starfslok sóknarprests eða prests og við afhendingu prestsseturs til viðtakandi sóknarprests, prests eða [Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu.] ²⁾

e) Úttekt á prestssetri þegar gagngerar endurbætur hafa átt sér stað þar eða þegar þess er óskað af lögbærum aðilum.

f) Úttekt á bókasafni prestakalls, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um bókasöfn prestakalla nr. 17/1931.

g) Úttekt á kirkju, sem lögð er niður eða réttarstöðu hennar er breytt, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. starfsreglna um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, með síðari breytingum.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 1051/2018, 27. gr.

2) Starfsrgl. 763/2021, 1. gr.

20. gr.

■Prófastur hefur tilsjón með prestssetrum, kirkjum, kirkjueignum og kirkjugörðum og grafreitum. Í eftirlitsskyldu prófasts felst að hann gætir þess að réttindi gangi ekki undan, að umgengni sé góð og að rekstur og öll meðferð og afnot eigna séu við hæfi og samkvæmt lögum og reglum. Prófastur beitir sér fyrir því að hlutaðeigandi vörslumaður eða umráðandi bæti úr ef annmarkar þykja vera á meðferð

réttinda og eigna samkvæmt framanskráðu. Ef tilmælum prófasts er ekki sinnt sendir prófastur hlutaðeigandi stjórnvöldum eða biskupi málið til úrlausnar.

21. gr.

■Prófastur vísitarar prestaköll, söfnuði, kirkjur, kapellur, kirkjugarða og grafreiti reglubundið. Við skipulag vísitasía sinna gætir prófastur samræmis við ákvörðun biskupafundar um skipulag á vísitasíum biskups Íslands og vígslubiskupa. Prófastur vísitarar og þegar þess er óskað svo sem vegna meiri háttar framkvæmda á vegum safnaða eða vegna sérstakra viðburða svo sem kirkjuhátíða. Prófastur heldur vísitasíubók sem varðveitir kirkjulýsingar og munaskrá og sendir biskupi endurrit úr henni að lokinni vísitasíu sem og fundargerðir.

22. gr.

■Á vísitasíum skal prófastur annast eftirlit með kirkjum og eignum hennar, kapellum, kirkjugörðum, grafreitum og prestssetrum, sbr. 19. gr. og geta um ástand þeirra. Prófastur skal kanna kirkjusókn, helgihald, sálgæslu, kærleikþjónustu, barna- og æskulýðsstarf, fræðslumál og annað safnaðarstarf. Hann skal kanna samskipti presta, sóknarnefnda, starfsfólks og safnaðar. Hann skal hafa eftirlit með því að prestsþjónustubækur og gjörðabækur sóknarnefnda séu samviskusamlega færðar.

□Prófastur skal styðja sérstaklega þá aðila, sem getið er í 3. mgr., í þjónustu sinni og safnaðarstarfi. Hann skal veita þeim leiðsögn og hvatningu og leiðbeina um góða starfshætti. Prófastur annast um að misfellum í þeim efnum, sem getið er í 1. – 4. mgr., sé komið í rétt horf og gera biskupi viðvart ef tilefni er til.

23. gr.

■Prófastur veitir kirkjustjórninni umsögn um tiltekin málefni ef óskað er eða vekur athygli kirkjustjórnar á málefni að eigin frumkvæði telji hann það nauðsynlegt, þ.m.t. mál er varða almennt framtíðarskipulag kirkjustarfs.

24. gr.

■Prófastur hefur þá stjórnslu á hendi sem kveðið er á um í lögum um bókasöfn prestakalla nr. 17/1931.

25. gr.

■Prófastur áritar þær bækur sem hér greinir:

a) bók undir bókaskrá prestakalls, sbr. lög um bókasöfn prestakalla nr. 17/1931,

b) gerðabók sóknarnefnda og safnaðarfunda, sbr. starfsreglur um sóknarnefndir. ¹⁾

1) Starfsrgl. 1111/2011, með síðari breytingum.

26. gr.

■Prófastur beitir sér fyrir námskeiðahaldi til fræðslu fyrir presta, starfsmenn safnaða og aðra sem taka þátt í starfi kirkjunnar. Hafa skal samráð við önnur prófastsdæmi um námskeiðahald ef henta þykir.

27. gr.

■Prófasti er skylt að mæta á árlegan prófastafund er biskup boðar.

28. gr.

- a) Prófasti ber að annast um að biskupi Íslands berist árlega skýrslur úr öllum prestaköllum prófastsdæmisins,
- b) prófastur hefur með höndum skýrslugerð og upplýsingamiðlun til kirkjustjórnarinnar,
- c) prófasti ber að halda skrá um allar sóknamefndir, og safnaðarfulltrúa, [kjörnefndir] ¹⁾ og starfsmenn safnaða og gera biskupi viðvart um allar breytingar,
- d) prófastur færir bréfabók,
- e) prófastur heldur vísitasíubók, sbr. 21. gr.

1) Starfsrgl. 1051/2018, 28. gr.

29. gr.

■Prófastur skal annast sáttaumleitanir innan prófastsdæmisins þegar [...] ¹⁾, trúnaðarmönnum eða starfsmönnum, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli. Prófastur skal ljúka sáttaumleitan sinni að jafnaði innan tveggja vikna enda sé mál hvorki á hendi annarra kirkjulegra aðila á þeim tíma né til meðferðar fyrir dómstólum. Prófastur skal skila vígslubiskupi skriflegu áliti ef sættir takast ekki.

1) Starfsrgl. 402/2021, 34. gr.

30. gr.

■Prófastur skal hafa eftirlit með því, að prestar skili [starfsskýrslum] ¹⁾ til Þjóðskrár [Íslands.] ²⁾

1) Starfsrgl. 402/2021, 35. gr.

2) Starfsrgl. 1051/2018, 29. gr.

31. gr.

■[Prófastur tekur við og varðveitir skrá frá Minjastofnun Íslands um friðlýsta gripi hverrar kirkju og minningarmörk í kirkjugörðum, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012, með síðari breytingu.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 1051/2018, 30. gr. Við gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012, 1. janúar 2013, tók Minjastofnun Íslands við réttindum, eignum og skuldbindingum Fornleifaverndar ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum. Þjóðminjalög nr. 107/2001 féllu úr gildi 1. janúar 2013, sbr. 58. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

32. gr.

■Prófastur hefur þá stjórnýslu á hendi sem kveðið er á um í lögum um leysing [á sóknarbandi] ¹⁾ nr. 9/1882.

1) Starfsrgl. 1051/2018, 31. gr.

33. gr.

■Ef starf prests getur fallið undir tvö eða fleiri prófastsdæmi, prestur starfar erlendis eða óljóst þykir að öðru leyti undir hvaða prófastsdæmi embætti fellur, ákveður biskup undir hvaða prófastsdæmi viðkomandi embætti heyrir.

34. gr.

■Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 29. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 26. maí 1997, öðlast gildi 1. janúar 2007. Jafnframt falla brott starfsreglur um prófasta nr. 734/1998 frá sama tíma.